

Alþingi, efnahags- og
viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING
Reykjavík 10. mars 2003

TILVÍSUN
2003020515

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um 206. mál - þskj. 209

Ríkisskattstjóri vísar til bréf hv. efnahags- og viðskiptanefndar frá 26. febrúar sl., þar sem embættinu er sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 206. mál, íþróttastyrkir og heilsuvernd.


Í frumvarpi þessu er lagðar til tvær breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Er fjallað um báðar þessar breytingar hér að neðan.

Fyrri breytingin á lögnum er á A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna og lýtur að því að heimila sérstakan frádrátt vegna mótekinna íþróttastyrkja og virðist gert ráð fyrir að slíkum tekjum verði skipað á sama bekk og dagpeningum og ökutækjastyrkjum. En síðastnefndar greiðslur eru starfstengdar greiðslur sem ætlað er að standa straum af ferða- og dvalarkostnaði á vegum atvinnurekanda. Ríkisskattstjóri telur þá þegar af þeirri ástæðu að 1. töluliður A-liðar 1. mgr. fjallar um starfstengdar greiðslur þá sé óeðlilegt að heimfæra frádrátt á móti styrkjum eins og íþróttastyrk undir sama tölulið og og hinar starfstengdu greiðslur. Síðastnefndu greiðslurnar eiga það sammerkt að þar er litið svo á að launagreiðandinn sé að endurgreiða launamanni kostnað sem hann hefur lagt út í en á í reynd að berast af launagreiðandanum. Slík rök verða ekki færð fram með sama hætti um íþróttastyrki, enda löng úrskurðahefð fyrir því að líta á slíka styrki sem persónulegan kostnað þeirra sem njóta. Það að leggja stund á íþróttir er út af fyrir sig góðra gjalda verð iðja en kemur almennt ekki á nokkurn hátt við tekjuöflun fyrirtækja enda ekki hluti af starfsemi þeirra. Kostnaður einstaklinga af iðkun íþróttar er persónulegs eðlis og á því eðli máls samkvæmt þegar af þeirri ástæðu ekki að spyrða á neinn hátt við frádrátt af þeim toga sem lýst var hér að framan og til er kominn vegna endurgreiðslna á kostnaði vegna ferðalaga á vegum atvinnurekanda. Sú almenna stefna hefur verið við lýði allt frá lögtöku staðgreiðslukerfis opinberra gjalda að hafa frádráttarliði á móti tekjum einstaklinga utan atvinnurekstrar í algjöru lágmarki. Markmiðið á bak við þá stefnu var einfalt og gagnsætt skattkerfi þar sem frádrættir væru sem fæstir og þannig skapaður grundvöllur til að hafa skatthlutföll sem lægst. Ríkisskattstjóri telur að sú ráðagerð sem sett er fram í frumvarpinu um frádrátt á móti íþróttastyrkjum vera í andstöðu við þessa almennu stefnu og hefur embættið almennt það viðhorf að stilla beri í hof sérstökum frádráttarliðum vegna persónulegs kostnaðar einstaklinga. Það hvernig einstaklingar ráðstafa tekjum sínum á almennt ekki að hafa áhrif á skattstofna.

Síðari breytingin lýtur að skattskilum rekstraraðila. Það skal tekið fram að nokkurs misskilnings virðist gæta í frumvarpinu varðandi gildandi rétt um frádráttarheimildir rekstraraðila. Í 7. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri

eða sjálfstæðri starfsemi, er beinlínis kveðið á um að til rekstrarkostnaðar teljist kostnaður við almenna fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og almenna heilsubótaraðstöðu. Felast því engin nýmæli í frumvarpinu hvað þetta varðar, enda kostnaður af þessum toga talist rekstrarkostnaður samkvæmt framansögðu. Segja má að nýmælin felist í skattalegri meðferð kostnaðar vegna íþróttastyrkja, það er að þeir skuli án frekari skilyrða verða að frádráttarbærum kostnaði fyrirtækjanna. Eins og rakið er hér að framan hefur íþróttaiðkun einstaklinga almennt talist til persónulegs kostnaðar þeirra og hefur það verið staðfest með úrskurðum yfirskattanefndar. Það er ekki almennur liður í rekstri fyrirtækja að standa með beinum hætti straum af persónulegum útgjöldum einstaklinga. Frádráttur vegna íþróttastyrkja kemur þannig ekki til greina nema það sé skilgreindur liður í starfskjörum viðkomandi starfsmanna og launagreiðanda þeirra. Í slíkum tilvikum er styrkurinn meðhöndlaður sem laun og skattlagður í hendi móttakanda sem laun. Þó almennt megi halda því fram að ýmis kostnaðarsöm dægradvöl og lífsmynstur skili ánægðara og hæfara fólki, eins og t.d. líkamsrækt, aukin grænmetisinntaka og dvöl á sólarströndu, hefur slíkt þó ekki verið talið geta fallið undir það að teljast kostnaður sem á árinu á "að ganga til af afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við" í skilningi 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Ýmis persónulegur kostnaður sem fyrirtæki reyna að færa til gjalda í rekstri sínum er stöðugt þrætuepli milli skattyfirvalda og fyrirtækja. Breyting af þessum toga yrði vatn á myllu þeirra sem freista þess að reka einkalíf sitt og heimilisins á kostnað fyrirtækisins. Með vísan til þessa leggst ríkisskattstjóri gegn þessari breytingu.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Indriði H. Þorláksson


Bragi Gunnarsson